



Eins og flestum mun nú orðið kunnugt, var ákveðið að gefa Norðmönnum afsteypu af stytta Einars Jónssonar af Ingólfi Arnarsyni. Skyldi stytta þessi verða reist í Rivedal, þar sem talið er, að Ingólfur hafi síðast verið í Norgei.

Í tilefni af afhendingu styttunnar var ákveðin hópferð með m.s. Heklu og var lagt af stað 14. þ.m.

Eftir allsögulega sjóferð var komið í Hólmendal þann 18. að morgni. Er skipið var að koma að bryggju, var því heilsað með 9 fallbyssuskotum. Á bryggjunni stóð hópur skólabarna, prúðbúin og öll með íslenska og norska fána í höndum. Börnin heilsuðu með því að syngja bæði íslenska og norska þjóðsönginn Þarna á bryggjunni var einnig samankominn stór hópur af fólki úr þorpinu og nærsveit um. Er Hekla var löggt að bryggjunni lagðist m.s. Bergen utan á Hekluna, en það hafði fylgt Heklu frá Askvoll. Með m.s. Bergen voru bæði norskir og íslenskir farþegar, m. a. ambassadur Íslendinga í Osló, Haraldur Guðmundsson, dómsmálaráðherra Noregs Haugland, Rysdal ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytisins o. fl.

Kl. 13.00 var lagt af stað frá skipinu í stórum bifreiðum og ekið inn með firðinum, um 5 km leið í Rivedal, þar sem styttunni hafði verið komið fyrir á snyrtilegum fótstalli, af hinum kunna norska myndhöggvara Staale Kyllugstad. Stendur hún á hól, svo til í miðjum dalnum og horfir í vestur fram fjörðinn. Á fótstallinn eru letruð þessi orð: Ingólfur Arnarson, Dalsfirði, fyrstur landnámsmanna Íslands. Hinum megin stóð Gjöf frá Íslendingum. Vin sínum skal maðr vinr verða.

Veðrið var nokkuð þungbúið, skúraleiðingur, en þurr á meðan athöfnin fór fram. Hliðarnar meðfram firðinum eru allar skógi vaxnar, frá fjöru til efstu brúna. Bændabylin standa í smáþorpum með stuttu millibili. Íbúar Rivedalsveitar eru um 2.000 og voru flestir samankomnir á staðnum, þótt virkur dagur væri, en eins og kunnugt er, seinkaði Heklunni um 12 tíma vegna veðurs og athöfnin því færð aftur um einn dag. Heimamenn höfðu komið sér fyrir í brekkunni fyrir ofan veginn og voru þeir á öllum aldri,



Ingólfsstytta við fjörðinn. (Ljósmyndir: Haukur Bjarnason).

Þjóðargjöf Íslendinga afhent

frá kornbörnum til háaldraðs fólks, og margar konur skórtuðu í þjóðbúningi héraðsins. Íslendingunum var hins vegar ætlað sæti á bekkjum fyrir ofan styttuna.

reglumaður, fréttaritari Tímans í Noregsferðinni, hefur sent blaðinu þessa frásögn af hinni hátíðlegu athöfn, er Ingólfsstytta var afhjúpuð.

Athöfnin hófst með því, að blandaður kór Hóledals undir stjórn Ansgar Nilson, söng „Fram

dä frendar“. Því næst hélt Schei fylkisstjóri Fjarðarfylkis ræðu, en að henni lokinni talaði forsætisráð herra Íslands, Bjarni Benediktsson, og afhenti styttuna sem gjöf frá Íslendingum og minntist um leið á sögu Ingólfs Arnarsonar sem fyrsta landnámsmanns Íslendinga. Bjarni sagði: „Stytta þessi er gjöf íslensku þjóðarinnar til vina vorra og frænda, Norðmanna“, en styttuna afhjúpaði ráð herrafrú Sigríður Björnsdóttir. Var styttunni fagnað mjög innilega af öllum viðstöddum. Því næst lék lúðrasveitin þjóðsöng Norðmanna. Næst á eftir tók til máls dómsmálaráðherra Noregs, Haugland, og þakkaði gjöfina og sagði m. a., að nú væri Ingólfur



Úr hópi áhorfenda.

kominn heim aftur í byggðalagið, þar sem hann hafði slitið barnskóm sínum. Lúðrasveitin lék þá þjóðsöng Íslendinga. Næstur tók til máls oddvitinn í Fjarlafylki og lúðrasveitin lék enn eitt lag. Frú Auður Auðuns, forseti bæjarstjórnar Reykjavíkur, tók því næst til máls og flutti kveðju frá Reykjavík, þar sem Ingólfur hafði valið sér búsetu, að tilvísan öndvegissúlna sinna. Kórinn söng síðan nokkur lög, m. a. þjóðsöngva Norðmanna og Íslendinga.

Að athöfninni lokinni, hafði íslenska sendinefndin boð um borð í m.s. Heklu fyrir norsku móttökunefndina o. fl.

Seinna um kvöldið bauð kvenna félag Rivedals Íslendingunum til kaffidrykkju í samkomunni hér aðsins, þar sem frú stjórnaði samkomunni af mikilli röggsemi og voru fluttar nokkrar ræður og Íslendingum fagnað af mjög mikilli hjartahlýju og innileik.

Kl. 23.00 var svo haldið frá bryggju, eftir mikinn söng af beggja hálfu, húrrahrópum og Íslendingarnir að lokum kvaddir með flugeldaskotum.

Haukur Bjarnason

Listmuna- og bókauppböð

Sigurður Benediktsson er nú farinn að undirbúa listmuna- og bókauppböð sín á næsta vetri, og eru líkur til, að hann byrji með bókauppböð um næstu mánaðarmót. Þeir, sem vilja ræða við Sigurð um uppböð þessi eða koma bókum eða munum til uppbos geta hitt hann að máli í skrifstofu hans í Austurstræti 12 fyrir hádegis.



Barnakórinn syngur.